



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
15-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Alþingi - Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. desember 2007

Tilvísun: UST20071100138/hj

Frumvarp til laga um olúgjald og kílómetragjald, 231. mál

Umhverfisstofnun hefur borist beiðnu um umsögn um frumvarp til laga um olúgjald og kílómetragjald, 231. mál.

Í frumvarpinu er verið að leggja til breytingar til að gera tímabundna lækkun olúgjalds og sérstaks kílómetragjalds ótímabundna. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við þá tillögu, en minnr á starfshóp á vegum fjármálaráðherra sem falið var að móta heildarstefnu að því er varðar skattlagningu ökutækja og eldsneytis. Starfshópurinn kallaði Umhverfisstofnun á sinn fund og bað stofnunina í framhaldi af því að vinna tillögur sem hafa það að markmiði m.a. að hvetja til notkunar á vistvænna ökutækja, hvetja til orkusparnaðar, hvetja til minnkunar á losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum og hvetja til aukinnar notkunar innlendra orkugjafa. Tillögurnar eru ekki tilbúnar, en verða sendar starfshópnum þegar þær liggja fyrir. Umhverfisstofnunin er reiðbúin upplýsa nánar um tillögur sínar sé þess óskað.

Vinóingarfyllst

Elly K. Guðmundsdóttir
Forstjóri

Helgi Jensson
Forstöðumaður